

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1031

Dagsetning: 20. júní 2024 klukkan 11:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjann Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 11. júní 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Færni- og heilsumatsnefnd

Umræður um mönnun Færni- og heilsumatsnefndar og erindi frá embætti landlæknis um starfsemi nefndarinnar. Ákveðið var að SDM og ASV fundi með stjórnanda nefndarinnar sem fyrst til að fara yfir stöðuna og mögulegar lausnir.

### 4. Geðheilsuteymi ADHD

Rætt var um vinnustofu Geðheilsuteymis ADHD. Unnið verður með niðurstöðurnar til að bæta þjónustu teymisins.

### 5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

### 6. Upplýsingamiðstöð HH

Rætt um lokanir heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og einkarekinna stöðva á samskiptum í gegnum Heilsuveru og hvernig fólki er beint á netspjall Heilsuveru með sín erindi. Málið verður tekið upp við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands.

### 7. Heilsubrú

Umræður um fyrirhugaða flutninga Heilsubrúar.

## Aðgerðir og verkefni

- Bóka þarf fund með stjórnanda Færni- og heilsumatsnefndar, sjá lið 3.  
Ábyrgð: ASV

- Halda þarf áfram ræða um verkefni Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 6.  
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf með Heilsubrú að flutningum starfseminnar, sjá lið .  
Ábyrgð: ASV

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 13:25